

STJÓRNARTÍÐINDI B 105 – 1998

17. desember 1998

2189

Nr. 742

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. gr.

Við 19. gr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 1998.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

16. desember 1998

Nr. 743

REGLUGERÐ

fyrir séreignardeild Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

1. gr.

Við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda skal starfrækt séreignardeild til móttöku viðbótar-
iðgjalda. Hlutverk deildarinnar er að tryggja sjóðfélögum og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Félagar í deildinni geta allir þeir orðið sem greiða iðgjald til Söfnunarsjóðs lífeyris-
réttinda og uppfylla skilyrði um lágmarkstryggingarvernd eins og hún er skilgreind að